



Til: Stjórnar SSH.
Frá: Framkvæmdastjóra SSH, svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínu.
Dags: 6. júní, 2017.

Málsnúmer: 1610002

Efni: BORGARLÍNAN – Verkefna- og stöðuskýrsla

I STAÐA VERKEFNA

a) Skipulagsvinna

Formlegt skipulagsferli

Öll sveitarfélög hafa samþykkt að hefja forkynningarferli þar sem vinnslutillögur að skipulagsbreytingum verða kynntar opinberlega. Sameiginleg auglýsing þessa efnis var birt 30. maí sl. Óskað er eftir því að athugasemdir berist fyrir 20. júní. Opin kynningarfundur verður haldinn miðvikudaginn 7. júní í Salnum Kópavogi. Sá fundur fullnægjir lagaskyldu sveitarfélaganna. Það er undir hverju og einu sveitarfélagi að halda sérstaka kynningarfundu heima fyrir.

Lega/staðsetning innviða

Vinna COWI að staðsetningu innviða Borgarlínu liggur niðri á meðan á forkynningu stendur. Horft verður til innkominna ábendinga og athugasemda við vinnslutillögunar við mótun loka tillögu.

Annað

Athygli ehf. mun aðstoða við að koma kynningarmálum um Borgarlínu í betri farveg. Ákveðið hefur verið að nýta forkynningarferlið sem viðburð til að koma upplýsingum um Borgarlínu fram með einfaldari hætti. Til að byrja með verður opnuð sérstök heimasíða www.borgarlinan.is með einföldum upplýsingum (spurt og svarað) ásamt skipulagstillögunum. Sá vettvangur mun svo þróast og þroskast eftir því sem skipulagsferlinu vindur fram.

b) Strúktúrvinna

Framvinda fylgir tímaplani sem unnið hefur verið eftir frá því í nóvember sl.

Þjónustustig Borgarlínu

Sjá Minnisblað dags. 12. febrúar 2017.

Kostnaðargreining innviða Borgarlínu

Eins og fram kom í síðustu verkefna- og stöðuskýrslu er framkvæmdakostnaður (verktakakostnaður) innviða Borgarlínu metinn á bilinu 1,1-1,2 milljarður króna/km. Innifalið í þeim kostnaði er gerð sérakreina, breytingar á gatnamótum, staðlaðar og upphitaðar bið- og skiptistöðvar, rauntíma upplýsingakerfi og greiðslukerfi. Verð eru með VSK. Þessi verð eru að ríma vel við þau erlendu reynsluverð sem við höfum verið að nota til þessa, hliðstæð verð erlendis frá sem við höfum aðgang að fyrir BRT lausn eru á bilinu 1-1,5 milljarður króna. Mannvit vann kostnaðarmatið í samstarfi við Vegagerðina.

Ljóst er að það eru tækifæri til að ná niður ofangreindum kostnaði en frekari vinnu við það er rétt að taka á seinni stigum verkefnisins.



Eignarhald innviða og kostnaðarskipting

Sjá Minnisblað dags. 12. febrúar 2017.

Taka þarf afstöðu til þeirrar aðferðarfræði sem þar er líst.

Rekstur Borgarlínu

Unnið er að mati rekstrakostnaðar með COWI, mun liggja fyrir um svipað leitu og tillaga að fyrsta áfanga liggur fyrir.

Lagaheimildir

Sjá Minnisblað dags. 4. apríl 2017.

Annað

Formaður SSH, Borgarstjóri, framkvæmdastjóri SSH, svæðisskipulagsstjóri SSH og verkefnisstjóri Borgarlínu funduðu með samgönguráðherra þann 16. maí sl. til að ræða Borgarlínuverkefnið, tilgang þess og stöðu. Fundurinn var haldinn að beiðni SSH til að ræða um formlega aðkomu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að undirbúningi og sameiginlegri fjármögnun Borgarlínu. Í lok fundar voru aðilar sammála um að skipa sérstakan samráðshóp um verkefnið. Af hálfu ráðherra var tiltekið að Sigurbergur Björnsson og Hreinn Haraldsson yrðu fulltrúar í þeim hópi.

Í framhaldi af fundinum sendi SSH erindi þann 18. maí sl. til ráðuneytisstjóra samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Í því erindi kom fram að í gildi er samkomulag milli SSH og Vegagerðarinnar frá 17. apríl 2015 um samstarf þessara aðila um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Verkefninu er stjórnað af sérstökum stýrihópi sem í eiga sæti tveir fulltrúar Vegagerðarinnar og tveir fulltrúar SSH. Af hálfu Vegagerðarinnar sitja í stýrihópnum Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri og af hálfu SSH Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar. Það er hugmynd SSH að fella ofangreint verkefni varðandi samstarf SSH og samgönguráðuneytisins um undirbúning og fjármögnun Borgarlínunnar saman við þau verkefni sem nú er unnið að í ofangreindum samningi SSH og Vegagerðarinnar, enda falla þau verkefni sem rædd voru á fundi með ráðherra 16. maí vel saman við þau verkefni sem skilgreind eru í samningnum, einkum og sér í lagi með vísun í 4. grein samkomulagsins um „sjálfbæra samgönguáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið“. Tillaga SSH til ráðuneytisstjóra samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis er að stýrihópur samningsins frá 17. apríl 2015 verði útvíkkaður og til viðbótar þeim aðilum sem nú skipa hann bætist þar inn Sigurbergur Björnsson f.h. ráðuneytisins og Ármann Kr. Ólafsson stjórnarformaður SSH.

Á þetta hefur verið fallist af hálfu ráðuneytisins.

Skipulag

Eins og fram kemur hér áður þá eru atriði er varða skipulag vegna Borgarlínu í farvegi. Sjá umfjöllun hér ofar.

II VERKEFNAHÓPAR

Fagráð svæðisskipulagsnefndar

Síðasti fundur var þann 2. júní. Þar var farið yfir kynningarmál og nauðsyn þess að skipulagsdeildir og nefndir sveitarfélaganna nýti forkynningartímann vel og rýni tillögurnar inna síns sveitarfélags.

Verkefnahópur um samgöngu- og tæknimál



Síðasti fundur var þann 1. júní.

III NÆSTU SKREF

Næstu skref eru að:

- Forkynna vinnslutillögur svæðis- og aðalskipulagsbreytinga.
- Meta rekstrarkostnað Borgarlínu.
- Vinna að tillögu um fyrirkomulag og eignarhald um innviði fyrir Borgarlínu annars vegar og rekstur og þjónustu hins vegar.
- Hefja vinnu með samgönguráðuneyti við úttekt á úrbótum í samgöngumálum innan höfuðborgarsvæðisins.
- Markmið með þeirri vinnu er að formgera samkomulag SSH og ríkisins sem m.a. taki á:
 - Hlutverki og aðkomu ríkisins
 - Eignarhald og rekstur innviða
 - Möguleg stofnun félags
 - Skiptingu kostnaðar og fjármögnun
 - Mótun lagaramma
 - Verkaskiptingu
 - Verk-, tíma- og viðskiptaáætlun

IV FJÁRMÁL

Sjá Minnisblað dags. 12. febrúar 2017.

V ANNAÐ

Engin önnur mál.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH